



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

Reykjavík, 1.2.2021
Tilvísun vor: M-2021-004 / 00.11

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi).

Vísað er til máls nr. 10/2021 í samráðsgáttinni þar sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögn um áform um að lögfesta markmið um kolefnishlutlaust Ísland 2040 í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Eins og fram kemur í framlögðum gögnum er stefnt að því að lögfesta markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlaust Íslands 2040 með nýju markmiðsákvæði í lögum um loftslagsmál. Samhliða verði unninn vegvísir um kolefnishlutleysi Íslands þar sem greindar verði leiðir að kolefnishlutleysi. Einnig kemur fram að „kolefnishlutleysi skuli náð með varanlegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en einnig breyttri landnotkun“.

Landsvirkjun leggur áherslu á að í lögnum verði skilgreint við hvað er átt þegar markið er sett á kolefnishlutlaust Ísland. Skilgreina þarf hvaða losun fellur þar undir og hvað mun telja til kolefniseininga á móti losun.

Landsvirkjun telur mikilvægt að markmið Íslands um kolefnishlutleysi nái yfir alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum og að stuðst verði við Loftslagsbókhald Íslands til að nýta sameiginlegar reglur loftslagssamningsins sem fyrir eru og eru alþjóðlega viðurkenndar.

Fram kemur að efla þurfi skilning á nauðsyn þess að ná markmiðinu og vísað til þess að auk stjórnvalda hafi mörg fyrirtæki og samtök sett sér markmið um kolefnishlutleysi. Landsvirkjun er eitt þeirra og stefnum við að því að starfsemin verði kolefnishlutlaus 2025. Landsvirkjun vinnur loftslagsbókhald sitt út frá aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHGP), sem er leiðandi alþjóðlegur staðall með það að markmiði að stuðla að samræmdri upplýsingagjöf fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Til að Ísland geti orðið kolefnishlutlaust þarf samstillt átak allra aðila. Fyrirtæki og atvinnulífið spila þar stórt hlutverk. Viðmið um kolefnisspor og þær kolefniseiningar sem nýta á til jöfnunar, þurfa að vera skýr svo að kolefnisjöfnun verði ábyrg og byggð á vísindalegum viðurkenndum aðferðum.

Virðingarfyllst,


Kristín Linda Árnadóttir,
aðstoðarforstjóri


Jóna Bjarnadóttir,
forstöðumaður